

Barnatollar

Lengi hefur verðlag á Íslandi verið mér hugleikið. Af hverju er verð á reiðhjólum jafnan 50% hærra á Íslandi en í Þýskalandi og af hverju borgar það sig undantekningarlaust að kaupa fótboltaskó á börn í Macy's en í Kringlunni? Með árunum kom svo vísir að svörum; flökt íslensku krónunnar, háir skattar, tollar, hátt vaxtastig, græðgi kaupmanna, verðskyn(leysi) neytenda, takmörkuð samkeppni, lág velta pr. fermetra í verslunarhúsnæði og lengi mætti telja. Í þessum pistli mun ég fjalla um áhrif tolla á verðlagningu, nánar tiltekið á barnafötum.

Undanfarin ár hef ég kynnst því hvernig verðlagning á vörum á Íslandi og erlendis er háttað í ýmsum geirum og hvernig andvirði söluverðs er dreift á rekstraraðilann, birgja og hið opinbera. Í þessum pistli tek ég fyrir verðlagningu á barnafötum og margföldunaráhrif tolla á verðlagningu hjá tveimur félögum, en annað er íslenskt en hitt breskt. Barnaföt bera 10-15% tolla og 25,5% virðisaukaskatt á Íslandi. Í Bretlandi eru engin slík gjöld. Skoðaði ég 6 raunverulegar vörur sem bæði eru seldar á Íslandi og Bretlandi (peysur, samfellur, o.s.frv.). Þrjú vörunúmer báru 15% tolla á Íslandi og hin þrjú 10%.

Sé gengið út frá því að íslenski söluaðilinn standi ekki í taprekstri og haldi eftir 10% hagnaði fyrir afskriftir og fjármagnskostnað, þá nemur verðmunur á Íslandi og Bretlandi 40%, þ.e. vörurnar kostuðu 14 þ.kr. í Bretlandi en 19,6 þ.kr. á Íslandi. Hvað veldur?

Hluta verðmunarins má rekja til hás húsnæðiskostnaðar sem hlutfall af veltu en aðallega er þessi verðmunur vegna tolla og virðisaukaskatts á barnaföt á Íslandi sem ekki eru til staðar í Bretlandi. Ef skatt- og tollaumhverfið hér væri sambærilegt því sem það er í Bretlandi þá myndi þessi karfa lækka niður í 14,2 þ.kr. sem er 2% hærra en verðið á sömu körfunni í Bretlandi.

En verður þá hið opinbera þá ekki af þessum tekjum? Þeir sem reglulega leggja leiðir sínar í leikskóla og grunnskóla sjá að mikið af fatnaði sem börn klæðast eru föt sem sannarlega voru ekki keypt á Íslandi, en ætla má að helmingur barnafata á hverjum tíma hafi verið keyptur erlendis. Engir tollar, virðisaukaskattar, staðgreiðsla launaskatta eða tryggingargjöld eru í slíkum tilvikum greidd til íslenska ríkisins. Foreldrar kjósa að klæða börn sín í föt frá H&M, GAP, Children's Place og öðrum merkjum sem ekki eru seld hér á landi. Vafalaust má að hluta til rekja þetta val til fjölbreytileika úrvals í rekkum barnafataverslana erlendis, en eflaust er höfuðástæðan verðlagið á Íslandi. Fari svo að tollar og skattar á barnafötum yrðu lækkaðir til jafns við Bretland þá má leiða líkum að því að foreldrar sjái hag sínum best borgið með því að versla hér á landi. Barnafatavelta gæti þannig hæglega tvöfaldast, velta og velmegun aukist á Íslandi samfara því, sem og ráðstöfunartekjur barnafjölskyldna.

Meginreglan er sú að tollar leiða almennt ekki til viðbótar samfélagslegs ábata fyrir samfélög. Einstakur iðnaður fær e.t.v. verðvernd en hún kostar, öllum öðrum en þeim sem tilheyra þeim iðnaði, samanlagt meira en sá ávinningur sem iðnaðurinn nýtur. Þannig að þótt samfélagið greiði

að lokum meira en þurfa þykir fyrir afurðir kjúklingaiðnaðar sem nýtur tollverndar þá má færa pólitísk rök fyrir þessari óhagkvæmni með byggðar- eða faraldsfræðilegum sjónarmiðum að leiðarljósi og svo fram eftir götunum. Þar sem hvorki er bómullariðnaður á Íslandi eða barnafataframleiðsla þá má staldra við og spyrja sig hvers vegna tollur er á barnafötum. Afleiðing tolla á barnafötum á Íslandi er sú að velta H&M verður þeim mun meiri sem leiðir til hærri skatttekna sænska ríkisins og herra hlutabréfaverðs H&M.


Nákvæmar tölur um veltu á barnafötum á Íslandi liggja ekki á reiðum höndum. Ef gert er ráð fyrir að velta í dag nemi 1.000 m.kr. á ári á Íslandi þá er hlutur hins opinbera ca. 309 m.kr.¹ Fari svo að tollar og virðisaukaskattur verði felldir brott, sem myndi þá leiða til jöfnunar á verði á barnafötum á við í Bretlandi, þá má færa rök fyrir því að veltan eigi eftir að tvöfaldast á Íslandi sem reiknast sem 40 þ.kr. per barn 10 ára og yngri. Hlutur hins opinbera yrði þá nær 190 m.kr. í stað 309 m.kr. Á móti kæmi aukin umsvif í íslensku hagkerfi (aukun verg landsframleiðsla), minna atvinnuleysi (fleiri afgreiða samfellur) og sterkari króna (vegna þess að innkaupaverð verslunarinnar á Íslandi er alltaf lægri en útsöluverð í verslun erlendis en í þessu dæmi myndi þá gjaldeyrisnotkunin minnka úr 1.300 m.kr. í 820 m.kr.).



Af þessum 309 m.kr. sem myndu fara til hins opinbera af 1.000 m.kr. barnafataveltu á ári nema tollar 3,1 m.kr. á mánuði? Hver ætli raunkostnaður Tollstjóra við að innheimta þessar 31 m.kr. sé að teknu tilliti til launakostnaðar, húsnæðiskostnaðar og fórnarkostnaðar við að nýta þessa starfsmenn ekki í hagnýtara eftirliti? Væntanlega meiri en að fá fólk til að moka skurði einungis til að moka ofan í þá aftur.

Annar galli við tolla er að á Íslandi er hann lagður á flutningskostnað til viðbótar við innkaupaverð en það ívinnar stóru innflutningsaðlinum á kostnað þeirra smáu vegna þess að þeir stóru geta minnkað einingarflutningskostnaðinn með stærri sendingum og þar með greitt lægri tolla. Þetta hefur a.m.k. tvær afleiðingar: 1) hið opinbera mismunar innflutningsaðilum á grunni stærðar og heftir einstaklingsframtakið og 2) færri einstaklingar sjá hag sinn í innflutningi sem leiðir til einsleitara vöruframboðs. Eftir því sem hömlur eru fleiri er menning ákvörðuð af þeim mun færri.

Hærra verðlag á Íslandi er frekar afleiðing sjálfskapaðra kerfislægra hagtálma en græðgi kaupmanna enda fátt sem bendir til að kaupmenn í Íslandi séu í eðli sínu gráðugri en þeir bresku. Með tollum tvískiptir hið opinbera meðvitað hagkerfinu þannig að vöruúrval er



¹ Ekki er hér gert ráð fyrir tekjuskatti eða fjármagnstekjuskatti, heldur tollum, virðisaukaskatti, staðgreiðslu skatta, tryggingargjaldi, framlögum í lífeyrissjóði, móttframlag launagreiðanda, o.s.frv.

Arev

meira og verðið ódýrara fyrir þá sem hærri tekjur hafa og geta verslað í útlöndum á meðan þeir tekjulægri, sem ekki hafa efni á slíkum munaði, þurfa að sætta sig við takmarkað vöruúrval og 40% herra verð fyrir nauðsynjar fyrir börnin sín. Í árslok 2011 fékk Samtök verslunar og þjónustu Capacent Gallup til að gera könnun um neysluvenjur hér á landi. Spurt var m.a. hvort barnaföt sem síðast voru keypt hafi verið keypt hér á landi eða erlendis. Niðurstöður bentu til að eftir því sem tekjur fjölskyldna voru lægri þá hækkaði hlutfall barnafataneyslunnar á Íslandi. Lægri tekjuhópar borga því stærra hlutfall af barnatollum en þeir tekjuhærri. Barnatollar eru því í grunninn lágtekjuskattur.

Á nokkurra ára fresti stíga fulltrúar pólitískra afla í pontu og lofa væntanlegum atvinnuveitendum sínum meiri hagsæld. Einfaldasta leiðin er oft beinasta leiðin. Með því einfaldlega að afnema tolla á barnafötum þá aukast ráðstöfunartekjur íslenskra fjölskyldna, velta færast til íslenskra atvinnurekanda frá kaupmönnum í Stokkhólmi, krónan styrkist, atvinnuleysið minnkar, verg landsframleiðsla hækkar, hið opinbera kemur jafnt fram við rekstraraðila óháð stærð, vöruúrval eykst og tískustraumar verða víðfeðmari, starfsmenn Tollstjóra geta betur sinnt verkefnum sem skipta máli og óréttlæti minnkar með afnámi hins falda lágtekjuskatts.

Björn Jóhannesson

Höfundur starfar hjá Arev verðbréfafyrirtæki hf.